

6

11. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

30. gr. laganna falli niður. 1. gr.

47. gr. laganna falli niður. 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal það fylgífé hvers býlis, er til hefur orðið vegna ákvæða þeirra, sem úr gildi eru felld með lögum þessum, verða kvaðalaus eign eiganda býlisins.

Gjört í Reykjavík, 11. marz 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

7

11. marz

L Ö G

um girðingar kringum hveru og laugar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skýlt er að afgirða hveru og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hættu af fyrir líf eða límu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.

Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hveru og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum. Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá tilkynningu sveitarstjórnar, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. marz 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.